# REGLUGERÐ

## um (46.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2008/76/EB frá 25. júlí 2008 um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB um óæskileg efni í fóðri, sem tekin var inn í III. kafla I. viðauka við EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2009 frá 30. maí 2009.

2. gr.

Ákvæðum B. liðar, I. viðauka, um hámark fyrir innhald óæskilegra efna í afurðum sem ætlaðar eru í fóður, í reglugerð nr. 340/2001 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 3. efnaheitis, flúor, komi eftirfarandi:

| Óæskileg efni | Afurðir sem ætlaðar eru í fóður | Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihaldi |
|---|---|---|
| (1) | (2) | (3) |
| 3. „Flúor (*) | Fóðurefni, að undanskildu | 150 |
| | — fóðri úr dýraríkinu að undanskildum sjávarkrabbadýrum, s.s. ljósátu | 500 |
| | — sjávarkrabbadýrum, s.s. ljósátu | 3000 |
| | — fosfötum | 2000 |
| | — kalsíumkarbónati | 350 |
| | — magnesíumoxíði | 600 |
| | — kalkkenndum sjávarþörungum | 1000 |
| | Vermikúlít (E 561) | 3000 |
| | Fóðurbætir | |
| | — sem inniheldur ≤ 4% fosfór | 500 |
| | — sem inniheldur > 4% fosfór | 125 fyrir 1% fosfór |
| | Heilfóður að undanskildu | 150 |
| | — heilfóðri fyrir nautgripi, sauðfé og geitur | |
| | — á mjólkurskeiði | 30 |
| | — annað | 50 |
| | — heilfóðri fyrir svín | 100 |
| | — heilfóðri fyrir alifugla | 350 |
| | — heilfóðri fyrir kjúklinga | 250 |
| | — heilfóðri fyrir fisk | 350 |

(*) Hámarksgildi vísa til magngreiningar á flúri þar sem útdráttur er gerður í 1 N saltsýru í 20 mínútur við umhverfishita. Nota má jafngildar útdráttaraðferðir hafi verið sýnt fram á að sú aðferð, sem notuð er, hafi samsvarandi skilvirkni í útdrætti.
(**) Gildin skulu endurskoðuð eigi síðar en 31. desember 2008 með það að markmiði að lækka hámarksgildin.

2. Í stað 14. efnaheitis, illgresisfræ og ómöluð og ómulin aldin sem innihalda beiskjuefni, glúkósíð eða önnur eiturefni, komi eftirfarandi:

| Óæskileg efni | Afurðir sem ætlaðar eru í fóður | Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihaldi |
|---|---|---|
| (1) | (2) | (3) |
| 14. Illgresisfræ og ómöluð og ómulin aldin sem innihalda beiskjuefni, glúkósíð eða önnur eiturefni, ein sér eða saman, m.a.: | Allt fóður | 3000 |
| *Datura stramonium L.* | | 1000 |

3. Í stað 21. efnaheitis, DDT, komi eftirfarandi:

| Óæskileg efni | Afurðir sem ætlaðar eru í fóður | Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihaldi |
|---|---|---|
| (1) | (2) | (3) |
| DDT (summa DDT-, DDD- (eða TDE-) og DDE-myndbrigða, gefið upp sem DDT) | Allt fóður, að undanskildu | 0,05 |
| | — fitu og olíum | 0,5 |

4. Efnaheiti nr. 28, apríkósur — *Prunus armeniaca* L., nr. 29, beiskar möndlur — *Prunus dulcis* (Mill.) D.A. Webb var. *amara* (DC.) Focke (=*Prunus amygdalus Batsch* var. *amara* (DC.) Focke) og efnaheiti nr. 31, Akurdoðra — *Camelina sativa* (L.) Crantz, falla brott.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. nóvember 2009.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*